

Dómsmálaráðherra,
Skuggasundi 3,
150 Reykjavík

DÓMS- OG KIRKJUNÁLAGSNEFND	
Bl. 11.11.4	Ábm. SPUR
Innk.: 30. SEP. 2008	
DKM 04690261	Reykjavík 30. september 2008

Efni: Beiðni Sveins Skúlasonar, kt. 160751-3989,
uppreist æru.

um.

Með dómi Hæstaréttar Íslands uppkveðnum þann 17. nóvember 2005 í málinu nr. 157/2005: Ákærvaldið gegn [] og Sveini Skúlasyni var Sveinn Skúlason dæmdur í 6 mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga. Sveinn tók út refsingu sína með samfélagsþjónustu á tímabilinu 24. janúar 2006 til 23. ágúst 2006. Stundaði hann starf sitt í samfélagsþjónustu

Með bréfi þessu óska ég eftir að Sveini Skúlasyni verði veitt uppreist æru með vísan til 3. mgr., sbr. 1 og 2. mgr. 85. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 84. gr. sömu laga.

Sveinn Skúlason hefur hvorki gerst sekur um brot gegn almennum hegningarlögum né sérrefsilögum frá þeim tíma er hann lauk refsivist sinni og hefur heggað sér óaðfínanlega á sama tímabili. Þá liggur fyrir að Sveinn Skúlason hafði ekki gerst sekur um önnur brot á almennum hegningarlögum en skv. ofangreindum dómi.

Þrátt fyrir atvinnumissi við sakfellinguna hefur Sveinn gengið að ýmsum störfum svo sem kostur hefur verið og sinnt þeim óðafínanlega.


Sveinn er 57 ára gamall og getur ekki stundað þá atvinnu sem hann hafði réttindi til að sinna og vann við um áratuga skeið áður en hann missti réttindin vegna ofangreinds refsidóms. Sveinn hefur á því tímabili sem liðið er frá sakfellingu unnið að miklum fjölda verkefna sem tengjast menntun hans. Hann hefur haldið við þekkingu sinni sem lögmaður með því að kynna sér fræðirit og dóma þann tíma sem hann hefur ekki getað stundað það starf. Þá hefur Sveinn unnið að hluta við og fyrir fyrirtæki sem stunda fasteignasölu og ráðgjöf á tímabilinu.

Það er mikilvægt fyrir Svein Skúlason að eiga þess kost sem fyrst að taka upp fyrri störf sem lögmaður, bæði kemur til að [] meðan hann hefur ekki lögmannsréttindi og hætt er við að honum takist ekki að byggja upp lögmannsrekstur á nýjan leik líði lengri tími, þar sem hann á ekki kost að sinna þessu leyfisbundna starfi sínu. Það skiptir Svein því miklu máli að fá uppreist æru sem fyrst og endurheimta lögmannsréttindi sín.

Ég fæ ekki séð annað en að öll skilyrði áðurgreindra ákvæða 84. og 85. gr. almennra hegningarlaga séu uppfyllt til að svo megi verða.

Er þess óskað að við beiðni þessari verði orðið og málið afgreitt eins hratt og mögulegt er.

Virðingarfyllst,


Jón Magnússon hrl.

Meðfylgjandi:

Bréf Fangelsismálastofnunar, dags. 2. október 2006.

Umsögn Júlíusar Vífils Ingvarssonar borgarfulltrúa, dags. 28. september 2008.

Umsögn Eiríks Sigurbjörnssonar forstöðumanns Sjónvarpsstöðvarinnar Omega, dags. 7. september 2008.

Jón Magnússon hrl


UMSÖGN

Í tilefni af beiðni Sveins Skúlasonar um uppreisn æru.

Svein Skúlason hefur undirritaður þekkt frá því við vorum ungir drengir og lékum okkur saman _____ þar sem Sveinn hefur búið nánast alla tíð. Ég hef aldrei kynnst öðru en heiðarleika og einstakri hjálpssemi af Sveini og kom sakfelling Hæstaréttar, sem er tilefni beiðni hans um náðun, mér satt best að segja mjög á óvart.

Þannig hefur Sveinn unnið okkur ómetanlegt starf við farsæl verkefni fyrir starfsemi okkar.

7. september 2008.


Eiríkur Sigurbjörnsson sjónvarpsstj.

Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands.
Skrifstofa forseta Íslands
Staðastað
Sóleyjargötu 1
101 Reykjavík

Reykjavík 28.09.08

Að tilefni beiðnar Sveins Skúlasonar um uppreist æru vil ég upplýsa eftirfarandi:


Ég hef þekkt Svein Skúlason frá unglingsárum okkar eða frá því að leiðir lágu saman í gagnfræðaskóla. Seinna námum við á sama tíma lögfræði við Háskóla Íslands og störfuðum á sumrin við löggæslustörf. Um tíma unnum við saman að lögmannsstörfum.

Mér er ljúft að upplýsa að Sveinn er grandvar maður og háttvís. Lögfræðingar þurfa iðulega í sínum störfum að fjalla um viðkvæm mál þar sem reynir á innsæi og næmni í mannlegum samskiptum en það er auðvitað ekki öllum gefið. Sveinn hefur sérlega gott lag á að nálgast skjólstæðinga sína af yfirvegum, stillingu og varfærni sem lýsir sér m.a. í því að margir þeirra leita einungis til hans þegar þeir þurfa á lögfræðilegri þjónustu að halda. Hann er fylginn sér og vandar til verka en hefur reynst fús til að leita sátta þegar sú leið hefur verið fær. Sveinn hefur reynst mörgum af þeim sem til hans leita hjálparhella og stuðningur á erfiðum tímum.

Ég vil geta þess að Sveinn Skúlason er fjölskyldumaður. Þau hjónin eiga þrjú börn og gæti það verið mörgum til eftirbreytni hversu natinn og ástríkur faðir Sveinn er.

Hvet ég eindregið til þess að Sveinn Skúlason lögfræðingur fái uppreist æru skv. 85. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Virðingarfyllst,


Júlíus Vífill Ingvarsson



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Dagsetning

Tívisun

Sveinn Skúlason

2. Október 2006

/MS

Að beiðni yðar, staðfestir Fangelsismálastofnun að þér hafið afplánað sex mánaða fangelsisrefsingu samkvæmt dómi Hæstaréttar uppkveðnum 17. nóvember 2005 með samfélagsþjónustu frá 24. janúar 2006 til 23. ágúst 2006.


Margrét Sæmundsdóttir

Tillaga
til
forseta Íslands
um uppreist æru.

Sveinn Skúlason, kt. 160751-3989, til heimilis að
hefur farið þess á leit að honum verði veitt uppreist æru sinnar, að því er snertir dóm Hæstaréttar Íslands, uppkveðinn 17. nóvember 2005, þar sem honum var gert að sæta 6 mánaða óskilorðsbundinni refsivist fyrir brot gegn almennum hegningarlögum

Með því að skilyrði þykja nú vera fyrir hendi til þess að verða við framangreindri beiðni, vil ég leyfa mér að leggja til, að yður, forseti Íslands, mætti þóknast

að veita nefndum Sveini Skúlasyni uppreist æru sinnar að því er snertir framangreindan dóm.

Til
á lögum
Benediktsson
21. október 2008
Ólafur Ragnar Grímur

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
14. október 2008.

Allravigingarfyllst,

Benediktsson
Dobbin Svein